

- 141** 5. Jörðunni Búlandi halda eigendurnir að öðru leyti, að óskertum rjettindum hennar, hlunnindum og öllum inytjum.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að því viðbættu, að ekkert virðist vera því til fyrirstöðu, að eigendur Grafar fái sanngjarna þóknun fyrir að láta af hendi kirkjustæði og kirkjugarðsstæði, úr því hlutaðeigendur allir eru því meðmæltir, en um breyting, ef með þarf, á lántökuleyfinu til byggingar hinnu fyrirhuguðu kirkju að Gröf, vænti jeg tillagna stíptsyfirvaldanna á sínum tíma.

- 142** 6. oktbr. **Brjef landshöfðingja til amtmannsins í Suðuramtinu og Vesturamtinu um að verja megi Eldgossasjóði Suðuramtsins til styrktar fátækum leiguliðum, er tjón bafa beðið af jarðskjálftum í Rangárvallasýslu og Árnessýslu.** — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra amtmáður, dagsett 3. þ. m., vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess að hinum svo nefnda Eldgossjóði Suðuramtsins ásamt tilföllnum vöxtum verði skipt upp milli Rangárvallasýslu að  $\frac{2}{5}$  hlutum og Árnessýslu að  $\frac{3}{5}$  hlutum, til þess að bæta úr tjóni því, er nefndar sýslur hafa orðið fyrir af hinum nýafstöðnu jarðskjálftum, þannig að hlutaðeigandi sýslunefndum sje falið að úthluta fjenu til fátækra leiguliða, sem orðið hafa fyrir mestum skaða við ofangreindan atburð.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

- 143** 7. oktbr. **Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Borgarfjarðar og Mýrasýslu um endurgreiðslu á tolli af brennivíni, er lekið hafði niður.** — Í erindi, dagsettu 29. ágúst þ. á., hefir kaupmaður Thor Jensen á Akranesi farið fram á endurgreiðslu á aðflutningsgjaldi af 77 pottum af 8<sup>o</sup> brennivíni, sem lekið hafi niður úr ílátum, er flutzt hafi frá útlöndum til Akraness með skipinu »Otra« 8. maí þ. á., og fylgdi erindi þessu vottorð snertandi þetta mál frá umboðsmanni yðar í tjeðu kaupúni.

Eptir að hafa fengið álit hins umboðslega endurskoðanda um málefni þetta og umsögn yðar, herra sýslumaður, í þóknanlegu brjeði, dagsettu 21. f. m., er yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að með því að það eptir atvikum verður að álitast sannað með hinu umgetna vottorði, að hinir umræddu 77 pottar af 8<sup>o</sup> brennivíni hafi lekið niður á leiðinni til Akraness, þá fellst jeg á, að beiðandanum samkvæmt 3. gr. laga nr. 10 frá 11. febrúar 1876 sje endurgoldið aðflutningsgjald það, sem hann hefir af þeim greitt, og skal jeg því þjónustusamlega skora á yður að greiða honum 23 kr. 10 aura, að frádregnum innheimtulaununum, af aðflutningsgjaldi því, er þjer heimtið saman á þessu ári, og telja þessa upphæð með útgjöldum í aðflutningsgjaldsreikningi yðar.